

Samfélagssjóður Hornafjarðar

Til styrkja vegna íþróttar.

Samfélagssjóður Hornafjarðar staðfestir reglur um stuðning til íþróttafólks sem lögheimili eiga í Hornafirði. Styrkurinn er fyrir efnilegt íþróttafólk (einstaklinga) en tekur ekki til flokkaíþróttar.

1.gr

Með reglugerð þessari er tekið undir sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar sem er: *að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu og að stöðugt hækki afreksstig íslenskra íþróttar.*

Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að íþróttastarfinu koma og sem með íþróttamanninum vinna, tryggja möguleika íþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki.

2.gr

Viðmið afreka, sem er forsenda styrkveitinga, er svo skilgreind af stjórn Samfélagssjóðsins:

- * Afreksmaður er hver sá íþróttamaður sem stenst ákveðið viðmið í viðkomandi grein.
- * Afreksefni teljast þeir íþróttamenn sem ekki hafa náð jafn langt og afreksmaður en taldir eru með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.
- * Um framúrskarandi íþróttamann er að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð íþróttamanna.

Starfsreglur og samþykktir fyrir Samfélagssjóð Hornafjarðar

5 gr. Samfélagssjóðs Hornafjarðar er svo hljóðandi:

Samfélagssjóður Hornafjarðar getur, ef tilefni er til og staða sjóðsins leyfir, veitt styrki sem byggja upp samfélagslega hagsmuni sveitarfélagsins, svo sem styrki til einstaklinga í námi eða starfi, félagasamtaka eða verkefna sem miða að því að styrkja samfélagið. Áðurgreindir styrkir verða auglýstir sérstaklega lausir til umsóknar.